

Nd.

#### **164. Þingsályktunartillaga**

um strandferðir.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Neðri deild alþingis ályktar, að skorar á landsstjórnina að hlutast til um:

1. Að í stað strandferðaskipsins »Perwie« komi viðunanlegt skip hið fyrsta.
2. Að Suðurlandsbáturinn hefji ferðir sínar í miðjum apríl, eins og hinir strandferðabátarnir.
3. Að Suðurlandsbáturinn hafi aðalendastöð að austan á Eskifirði, en fari þó öðru hvoru til Seyðisfjarðar.
4. Að strandbáturinn verði látinn hafa viðkomustað við Ingólfshöfða í 1 eða 2 ferðum um há-sumarið.
5. Að »Austri« komi oftar á Djúpavop en nú er, helzt í hverri ferð.